



## KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
Engjavegi 6 · 104 Reykjavík  
s: 514-4100 · e: kki@kki.is

# VENSLASAMNINGUR

---

Hér með lánar félag **A** leikmann úr sínu félagi til félags **B** samkvæmt reglugerð KKI um venslasamninga. Sjá reglugerð um venslasamninga á meðfylgjandi blaði

-----  
*Nafn leikmanns*

-----  
*Kennitala*

### **A) Nafn félags sem LÁNAR leikmann:**

-----  
*Félag **A** veitir hér með leyfi fyrir því að leikmaðurinn gangi til liðs við félag **B** á venslasamningi.*

-----  
*Undirskrift leikmanns*

-----  
*Staðfesting forsvarsmanns*

### **B) Nafn venslafélags** – Liðið sem leikmaður og félag gera venslasamning við:

-----  
*Félag **B***

-----  
*Staðfesting forsvarsmanns*

-----  
*Dagsetning*

-----  
Útfyllt af KKI: Tekur gildi: \_\_\_\_\_ Starfsmaður: \_\_\_\_\_

# Reglugerð um venslasamninga

[Gildir frá 2018-2019]

Félögum innan KKÍ er heimilt að gera venslasamninga sín á milli.

Með venslasamning er átt við að leikmenn fari frá félagi sem er í efri deild [móðurfélag] til félags sem er í neðri deild [fósturfélag] en haldi réttindum sínum til þátttöku í mótum hjá móðurfélaginu. Einnig geta leikmenn félaga sem ekki starfrækja meistaraflokk [móðurfélag] farið að láni til liða [fósturfélag] sem ekki leika í efstu deild.

Leikmenn á venslasamning mega leika með meistaraflokki fósturfélags en ekki yngri flokkum hjá fósturfélaginu. Tilgangur venslasamnings er að gefa eldri leikmönnum sem eru við það að brjótast inn í meistaraflokk síns félaga reynslu og tækifæri í neðri deildum.

## Eftirfarandi reglur gilda um venslasamninga:

### 1.

Leikmaður skal ekki vera eldri en 24 ára þegar venslasamningur er gerður og skal hann gilda út keppnistímabilið. Leikmenn sem verða 25 ára á tímabilinu mega því klára yfirstandandi keppnistímabil.

### 2.

Félög í efri deild [móðurfélag] getur að hámarki veitt 6 leikmönnum sínum venslasamning til annara félaga hverju sinni.

### 3.

Félag í neðri deild [fósturfélag] getur að hámarki gert venslasamning við 3 leikmenn, það er haft 3 leikmenn á virkum venslasamningum hverju sinni. Ekki þarf að vera um sama móðurfélag að ræða.

### 4.

Þeim sjö [7] leikmönnum sem leikið hafa flestar mínútur að meðaltali fyrir móðurfélag er ekki heimilt að vera á venslasamning. Er þar átt við alla leikmenn viðkomandi félags á yfirstandandi keppnistímabili sem sannanlega hafa leikheimild með liðinu hverju sinni.

Erlendir leikmenn sem farnir eru frá félaginu teljast ekki með þar sem þeir hafa ekki lengur atvinnu- og dvalarleyfi í gegnum félagið sem um ræðir og/eða leikheimild þeirra hefur verið send erlendis frá skrifstofu KKÍ. Miða skal við heildarmínútur í Íslandsmóti innan yfirstandandi keppnistímabils deilt með fjölda leikja til að finna meðaltal leikmanna.

Félög sjá sjálf um að tryggja að lánsleikmenn þeirra séu ekki yfir meðaltali sjö [7] mínútuhestu leikmanna hjá móðurfélagi sínu til að tryggja að þeir séu löglegir á hverjum tíma.

### 5.

Um venslasamninga gilda almennar reglur um félagaskipti í meistaraflokki karla og kvenna.

### 6.

Lánsfélög öðlast engan rétt til leikmanns sem það fær frá móðurfélagi. Móðurfélag getur rift samningi hvenær sem er á keppnistímabilinu og þarf að tilkynna það til KKÍ á skrifstofutíma óski það þess. Leikmaður má gera nýjan venslasamning á tímabilinu að gefnu samþykki móðurfélags og eins og almennar reglur um félagaskipti segja til um.

### 7.

Venslasamningur öðlast ekki gildi fyrr en formlega hefur verið tilkynnt um hann til KKÍ og skrifstofa KKÍ hefur staðfest gildistöku hans til forsvarsmanna beggja félaga.